

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 20. maí 1996.

F. h. r.

Hermann Jónasson.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 5. gr. reglugerðarinnar:

Við 5. gr. bætist nýr málslíður er verður svohljóðandi: Endurgreiðslutímabil fyrir rekstraraðila sem fengið hafa tilkynningu skattstjóra um breytt uppgjörstímabil skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995, um framtal og skil í virðisaukaskatti, skal þó vera almanaksárið.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „greinargerð næsta tímabils“ í 3. málsl. 2. mgr. kemur: greinargerðum næsta tveggja mánaða tímabils.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 13. maí 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.